

Afrit

Alþingi
Erindi nr. Þ 138/53
komudagur 4.11.2009

Fjárlaganefnd Alþingis
Austurstræti 8-10
150 Reykjavík



UMHVERFISSTOFNUN

Reykjavík, 30. október 2009
Tilvísun: UST20090900073/klá

Beiðni til fjárlaganefndar Alþingis um fjárframlag til Þjóðgarðsins Snæfellsjökuls

Með vísun til erindis Snæfellsbæjar til fjárlaganefndar Alþingis þar sem farið var fram á fjárframlag til þjóðgarðsmiðstöðvar sem rísa á á Hellissandi vill Umhverfisstofnun taka undir þá beiðni. Þjóðgarðurinn Snæfellsjökull var stofnaður árið 2001 og verður því 10 ára árið 2011. Unnið hefur verið að því síðast liðin ár að þjóðgarðsmiðstöð verði reist í þjóðgarðinum og hún opnuð á afmælisárinu. Á árinu 2008 var samþykkt 200 m.kr. fjárveiting til byggingar þjóðgarðsmiðstöðvar og gert ráð fyrir að 50 m.kr kæmu á fjárlögum á ári í fjögur ár. Í verkið hafa hins vegar einungis komið 50 m.kr á fjárlögum ársins 2008 en fjárframlög felld niður í meðferð Alþingis á fjárlögum ársins 2009.


Umhverfisstofnun leggur mikla áherslu á að næsta þjóðgarðsmiðstöð sem byggð verði rísi í Snæfellsjökulþjóðgarði og að hún verði opnuð á árinu 2011. Búið er að ljúka hönnun og gerð útboðsgagna vegna miðstöðvarinnar og því ljóst að stofnunin getur hafið framkvæmdir strax á næsta ári verði heimild veitt í fjárlögum ársins 2010. Umhverfisstofnun hefur frá stofnun Þjóðgarðarins Snæfellsjökull sent ítrekaðar beiðnir til umhverfissráðuneytis um að fá fjármagn í rekstur og uppbyggingu þjóðgarðsins. Staðreyndin er sú að eina beina fjármagnið sem hefur komið til Snæfellsjökulþjóðgarðs er 10 m.kr. á árinu 2002, 5 m.kr. á árinu 2003 og síðan 3,5 m.kr. á árinu 2004, samtals 18,5 m.kr., en rekstraráætlun þjóðgarðsins vegna ársins er um 29 m.kr. og að auki hefur stofnunin veitt hluta af almennu fé sem ætlað er til framkvæmda í þjóðgördum og friðlýstum svæðum til framkvæmda í þjóðgarðinum.

Umhverfisstofnun hefur þegar hafið vinnu við að gera tillögur til ráðuneytisins til að styrkja þjóðgarðinn og auka tengsl við heimamenn og hagamunaaðila til að mynda sterkara bakland fyrir hann og framtíðaruppbygginu á svæðinu.

Meðfylgjandi sendast tillögur Umhverfisstofnunar um nauðsynlegar framkvæmdir í Snæfellsjökulþjóðgarði árin 2010 og 2011 og bréfaskriftil vegna þjóðgarðsins.

Umhverfisstofnun óskar jafnframt eftir að stofnunin fái tækifæri til að kynna meðfylgjandi tillögur á fundi fjárlaganefndar Alþingis.

Virðingarfyllt


Kristín L. Árnadóttir
Førstjóri

Umhverfisráðuneytið
Umhverfisnefnd Alþingis
Snæfellsbær



MINNISBLAÐ

Snæfellsnesþjóðgarður hefur fjármagn á fjárlögum til almenns reksturs sem nemur um 29 m.kr. á ári næstu árin með óbreyttum rekstri. Inni í þeim rekstri eru tvö heilsársstöðugildi, auk þess sem ráðnir eru um 5 landverðir yfir sumartímann. Verndaráætlun þjóðgarðsins, sem gert er ráð fyrir að verði samþykkt á næstu mánuðum, gerir ráð fyrir framkvæmdum sem eru umfram þær fjárheimildir sem ætlaðar eru sérgreindar til þjóðgarðsins. Umhverfisstofnun hefur skv. fjárheimildum ársins 2009 samtals 24. m.kr. í framkvæmdir á friðlýstum svæðum sem ætlaðar eru til framkvæmda á öllum friðlýstum svæðum á Íslandi sem Umhverfisstofnun hefur umsjón með, en þau eru yfir niútiú talsins. Í ljósi þess að um þjóðgarð er að ræða hefur Umhverfisstofnun veitt ríflegum hluta af þessum heimildum til þjóðgarðsins á þessu ári. Boðaður niðurskurður á fjárheimildum stofnunarinnar sem og sú aukning sem gert er ráð fyrir í ferðamannastraumi mun hins vegar draga mjög úr svigrúmi stofnunarinnar til að standa fyrir framkvæmdum í Snæfellsnesþjóðgarði, en gera má ráð fyrir að svigrúm stofnunarinnar verði ekki meira en um 3. m.kr. á ári, en aukning ferðamanna kallar á aukningu aðgerða á viðkvæmum ferðamannastöðum eins og friðlýstum svæðum. Ljóst er því að komi ekki til auknar fjárveitingar verður lítið um nýframkvæmdir í Snæfellsnesþjóðgarði á árunum 2010-2011.

Hafa verður í huga að þjóðgarðurinn á Snæfellsnesi verður 10 ára árið 2011 og telur stofnunin því mikilvægt að honum vel sé hlúð á næstu árum. Þau verkefni sem talin eru upp hér í minnisblaði þessu má telja nauðsynleg til að efla Snæfellsnesþjóðgarð til framtíðar. Umhverfisstofnun telur mikilvægt að ef farið verður í byggingu þjóðgarðsmiðstöðvar á næsta ári þá verði hún byggð á Snæfellsnesi, enda eins og áður segir þjóðgarðurinn að verða 10 ára og biðin eftir miðstöðinni því orðin löng. Jafnframt eru talin upp 5 önnur verkefni sem stofnunin telur mikilvægt að fara í til að byggja upp svæðið til að taka við aukningu ferðamanna og til að efla kynningu og fræðslu um þjóðgarðinn.

Tillögur um nauðsynlegar framkvæmdir í Snæfellsjökulsþjóðgarði árin 2010 og 2011:

1. Þjóðgarðsmiðstöðin:

Umhverfisstofnun fékk 50 m.kr. til framkvæmda árið 2008 og hefur verið framkvæmt fyrir 31,2 m.kr. Áætlaður framkvæmdakostnaður sem metinn var af Framkvæmdasýslu ríkisins (FSR) er 269 m.kr. og hafa þegar verið millifærðar til FSR 35 m.kr. vegna ofangreindra framkvæmda við verkefnið. Fyrir árið 2010 er óskað eftir kr. 175 m.kr. og 2011 kr. 59 m.kr. til að ljúka verkefninu, enda er 10 ára afmæli þjóðgarðsins það ár.

2. Malarrifssvæðið:

Hugmyndin er að nýta húsin og svæðið sem kennsluáðstöðu í náttúrufræðum og náttúrutúlkun fyrir börn og unglinga ásamt geymslurými fyrir tæki og verkfæri þjóðgarðsins. Til þess að svo megi vera þarf að gera upp útihús og ganga frá lóð sem m.a. mun hafa aðstöðu til útikennslu ásamt leiktækjasvæði sem sinnir ofangreindri náttúrufræðikennslu. Einnig þarf að gera kennsluefni auk aðstöðu fyrir aðra gesti.

Áætlaður kostnaður 2010 kr. 11,7m og 2011 kr.12,1m.

3. Írskrabbunnur:

Bakkar kringum brunninn eru fallnir og þarf að endurbyggja brunninn í upphaflegri mynd. Að öðrum kosti þarf að fylla brunninn með sandi til að forðast slys og varðveita brunninn með þeim hætti þangað til að hægt er að endurbyggja mannvirkið.

Áætlaður kostnaður 2010 er kr. 1,7m. og viðhald 2011 kr. 0,3m.

**4. Vatnshellir:**

Fyrirhugað er að byggja inngangshús að hellinum til að auðvelda aðgengi að hellinum. Hugmyndin er að Vatnshellir sé hellir sem ferðamenn eigi auðvelt með að heimsækja. Mikilvægt er að varðveita hella á Íslandi en jafnframt bjóða ferðamönnum auðvelt aðgengi að þeim. Þetta verkefni er því einstakt á Íslandi og gefur óvönnum hellaförum tækifæri á að upplifa íslenska hraunhella án mikillar fyrirhafnar.

Áætlaður framkvæmdarkostnaður er 2010 kr. 3,5m og viðhald 2011 kr. 0,3m.

5. Djúpalónssandur:

Úrbætur á aðstöðu ferðamanna á svæðinu ásamt gerð nýrra göngustíga og endurbætur á eldri stígum um þetta einstaka svæði.

Áætlaður framkvæmdarkostnaður 2010 kr. er 1,0m. og árið 2011 kr. 1,2

6. Verndaráætlun:

Unnið er út frá forgangs röðun þjóðgarðsvarðar varðandi verkefni sem tengjast verndaráætlun þjóðgarðsins sem nú er á lokastigum. Verkefnin koma fram í verndaráætluninni og lúta m.a. að vernd lífríkis, skipulagsmálum, uppbyggingu fyrir ferðamenn, kynningu og fræðslu og stjórnun þjóðgarðsins.


Áætlaður framkvæmdarkostnaður árið 2010 er 14,9mkr. og viðhald 2011 kr. 14,4m.

Stærstu liðirnir eru göngustígar, skilti þeim tilheyrandi og vegaf framkvæmdir. Sem dæmi um vegaf framkvæmdir og viðhald er áætlað árin (í þús. kr.).

	<u>2010</u>	<u>2011</u>	<u>2012</u>
Lagfæra og gera upp aflagða vegi	50	50	
Vegur að Hólahólum lagður bundnu slitlagi	600	400	
Vegur að Klofningsrétt lagður bundnu slitlagi	1.100	800	
Vegur að Flæðivík lagður bundnu slitlagi	1.400	900	
Vegur um Fögrubrekku lagaður og lagður		1.750	1.750
Bílastæði og áningastaðir við Fögrubrekku		250	250
Ýmis smáverk ófyrirséð	<u>500</u>	<u>500</u>	
Samtals	<u>3.650</u>	<u>4.650</u>	

Dæmi um göngustíga o.þ.h.:	<u>2010</u>	<u>2011</u>	<u>2012</u>
Gönguleiðir stikaðar skv. áætlun og haldið við	300	300	300
Gönguleiðalýsingar á vefsíðu og prenti	600	300	300
Göngupallar yfir votlendi við Beruvíkurlæk	700	700	
Fræðslustígur um Bæjarrústir Saxhóls	500	500	
Fræðslustígur um Djúpadali	500	500	
Stígur byggður upp á Svalþúfu	1.000	500	
Ýmis smáverkefni ófyrirséð	<u>750</u>	<u>900</u>	
Samtals	<u>4.350</u>	<u>3.700</u>	

Umhverfisráðuneyti
Magnús Jóhannesson,
ráðuneytisstjóri
Skuggasundi 1
150 Reykjavík



UMHVERFISSTOFNUN

Reykjavík, 18. júlí 2008
Tilvísun: UST20080700139/klá

Þjóðgarðsmiðstöð á Hellissandi.


Umhverfisstofnun hefur fengið heimildir á fjárlögum til byggingar þjóðgarðsmiðstöðvar á Hellissandi og gengið hefur verið frá samningum við hönnuði og Framkvæmdasýslu ríkisins vegna þess. Umhverfisstofnun hefur fengið vilyrði fyrir samtals 200 m.kr. vegna verkefnisins og hefur nú þegar fengið 50 m.kr., en skv. fjárlögum er gert ráð fyrir að 50 m.kr. verði settar í verkið árlega næstu þrjú árin. Umhverfisstofnun hefur haft samráð við Framkvæmdasýslu ríkisins og heimamenn varðandi verkið og er það einróma niðurstaða allra aðila að óska eftir því við ráðuneytið að það hlutist til um að stofnunin fái 150 m.kr þegar á fjárlagaárinu 2009, í stað þess að dreifa fjárframlögum yfir á þrjú ár, og að auki er óskað eftir 50 m.kr. aukafjárveitingu til verksins.

Helstu rök fyrir að fá 150 m.kr. strax á næsta fjárlagaári, í stað þess að dreifa fjárveitingunni yfir 3 ár, eru að mjög óhagkvæmt er að vinna bygginguna í 2-3 áföngum. Einnig hefur svæðið þar sem byggingin á að rísa orðið fyrir umtalsverðum niðurskurði á þorskkvóta og því mikilvægt að farið sé í verkefnið hið fyrsta. Hönnun á húsinu og gerð útboðsgagna verður lokið eigi síðar en 15. nóvember nk. og því hægt að hefja framkvæmdir vorið 2009. Umhverfisstofnun vill ítreka að nú þegar hefur verið veitt vilyrði fyrir 200 m.kr. til verksins og að einungis er verið að óska eftir að fá þá fjárveitingu á styttri tíma. Stofnunin vill jafnframt benda á að fjárveitingar vegna uppbyggingar þjóðgarðsmiðstöðvar í nýjum Vatnajökulspjóðgarði voru ekki dreifðar á milli ára, þ.e. hver framkvæmd fékk fulla fjárveitingu á einu ári.

Lokið var við að hanna og reikna kostnað við byggingu þjóðgarðsmiðstöðvarinnar í september 2006 en síðan þá hefur verðlag hækkað mikið. Er það mat Framkvæmdasýslu ríkisins að uppreiknaður verktakakostnaður verði um 195 m.kr. og í heild muni verkið kosta um 250 m.kr. Umhverfisstofnun ítrekar að það er ekki verkefnið sjálft sem orðið hefur umfangsmeira heldur liggur kostnaðaraukningin í þeirri efnahagslegu þenslu sem verið hefur síðastliðin tvö ár.

Það er mat arkitekta byggingarinnar og Framkvæmdasýslu ríkisins að ekki sé hægt að draga frekar úr kostnaði við bygginguna án þess að breyta henni verulega. Þjóðgarðsmiðstöðin var hönnuð í samræmi við faglega þarfagreiningu sem mikil vinna var lögð í, byggingin sjálf er flókin en ekki óeðlilega dýr að mati Framkvæmdasýslu ríkisins. Umhverfisstofnun telur mikilvægt að þeim meginmarkmiðum sem að var stefnt við hönnun þjóðgarðsmiðstöðvarinnar á Hellissandi verði ekki telft í hættu.

Virðingarfyllt


Kristín Linda Árnadóttir
Forstjóri


Atli Þ. Þorvaldsson
Fjármálastjóri

Afrit:

Kristinn Jónasson bæjarstjóri, Snæfellsási 2, 360 Hellissandi
Skúli Alexandersson, Hraunási 1, 360 Hellissandi